

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Skagafjarðar, en það nær yfir Sauðárkrók og Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 25. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti.

Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Skagafjarðar, bæjarstjórnar Sauðárkróks, sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

3. gr.

Vörubílstjórafélag Skagafjarðar rekur vörubifreiðastöð á Sauðárkróki og er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélags Skagafjarðar utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Skagafjarðar viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægi til þess að fylla hámarkstölna 25. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 187 frá 24. nóv. 1967 um hámarkstölu vörubifreiða í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.